



Afkoma fyrri árshelmingis 2019

Íslandsbanki hf.

Helstu atriði í afkomu Íslandsbanka fyrri árshelmingi 2019 (1H19)

- Hagnaður eftir skatta var 4,7 ma. kr. (1H18: 7,1 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár var 5,4% á ársgrundvelli (1H18: 8,2%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi var 5,7 ma. kr. (1H18: 6,8 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) var 7,2% á ársgrundvelli (1H18: 9,4%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 16,8 ma. kr. (1H18: 15,3 ma. kr.) sem er 9,4% hækkun á milli ára og var vaxtamunur 2,8% (1H18: 2,8%).
- Hreinar þóknatekjur voru 6,6 ma. kr. (1H18: 5,8 ma. kr.) sem er 14% hækkun frá 1H18.
- Virðisbreyting útlána var neikvæð um 1.848 m.kr. á tímabilinu samanborið við að vera jákvæð um 1.934 m.kr. á 1H18.
- Stjórnunarkostnaður jókst um 4,7% á milli ára og nam 14,4 ma. kr. (1H18: 13,7 ma. kr.).
- Kostnaðarlutfall samstæðu á tímabilinu var 62,0% samanborið við 67,3% á sama tímabili í fyrra, á meðan kostnaðarlutfall móðurfélags var 55,4% sem er við 55% langtímamarkmið bankans.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 5,7% (47,8 ma. kr.) frá lokum árs 2018 og námu 894 ma. kr. í lok júní. Ný útlán á fyrri árshelmingi voru 107,4 ma. kr. og dreifðust vel á milli viðskiptaeininga bankans.
- Innlán frá viðskiptavinum hækkðu um 6,4% eða 36,9 ma. kr. frá lokum árs 2018 og námu 616 ma. kr. í lok júní.
- Lausafjárstaða bankans er sterk bæði í íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið. Eiginfjárlutföll eru sterk og í takt við langtímamarkmið bankans.

Helstu atriði í afkomu annars ársfjórðungs 2019

- Hagnaður eftir skatta var 2,1 ma. kr. (2F18: 5,0 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár 4,9% á ársgrundvelli (2F18: 11,6%).
- Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 3,0 ma. kr. (2F18: 3,9 ma. kr.) og var arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárlutfall þáttar 1 (CET1) 7,8% á ársgrundvelli (2F18: 11,1%).
- Hreinar vaxtatekjur voru 8,6 ma. kr. (2F18: 7,6 ma. kr.) og var vaxtamunur 2,8% (2F18: 2,8%).
- Hreinar þóknatekjur voru 3,4 ma. kr. (2F18: 3,0 ma. kr.).

Lykiltölur

		1H19	1H18	2F19	2F18	2018
REKSTUR	Arðsemi eigin fjár 16% CET1 (af reglulegri starfsemi) ¹	7,2%	9,4%	7,8%	11,1%	8,0%
	Arðsemi eigin fjár (eftir skatta)	5,4%	8,2%	4,9%	11,6%	6,1%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	2,8%	2,8%	2,8%	2,8%	2,9%
	Kostnaðarhlutfall ²	62,0%	67,3%	61,4%	65,0%	66,3%
	Hagnaður eftir skatta, ISK m	4.709	7.130	2.120	5.033	10.645
	Hagnaður af reglulegri starfsemi, ISK m ³	5.707	6.843	3.054	3.881	12.042
		30.06.2019	31.03.2019	31.12.2018	31.12.2017	31.12.2016
ERNAHAGUR	Eignir samtals, ISK m	1.229.976	1.205.228	1.130.403	1.035.822	1.047.554
	Útlán til viðskiptavina, ISK m	894.446	873.530	846.599	755.175	687.840
	Innlán frá viðskiptavinum, ISK m	615.869	611.303	578.959	567.029	594.187
	Innlán frá viðskiptavinum / útlán til viðskiptavina	68,9%	70,0%	68,4%	75,1%	86,4%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, ISK m	175.784	173.621	176.313	181.045	178.925
	Eiginfjárlutfall þáttar 1	18,8%	19,1%	20,3%	22,6%	24,9%
	Eiginfjárlutfall	21,4%	20,9%	22,2%	24,1%	25,2%
	Vogunarlutfall	13,4%	13,5%	14,6%	16,2%	16,0%

1. Hagnaður af reglulegri starfsemi sem hlutfall af CET1 16% eigin fé, leiðréttur fyrir áhættulausum vöxtum á umfram eigið fé.
2. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður + framlag í Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta – einskíptisliðir) / (Heildarrekstrartekjur – einskíptisliðir).
3. Hagnaður af reglulegri starfsemi er skilgreindur sem hagnaður að undanskildum einskíptiskostnaði, til dæmis bankaskatti, auk annarra óreglulegra tekna og kostnaða.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Islandsbanka

Ágætur gangur var í rekstri Islandsbanka á fyrri helmingi ársins 2019 og það var ánægjulegt að sjá bankann með yfir 40% markaðshlutdeild á nýjum útlánum til einstaklinga á tímabilinu. Viðskiptavinir hafa tekið stafrænum lausnum vel en bankinn kynnti fyrir skömmu nýja húsnæðislánþjónustu og sjálfvirkt greiðslumat á vefnum auk þess að bjóða nú upp á Apple Pay þjónustu.

Hlutdeild Islandsbanka sem aðalviðskiptabanki fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki er sú hæsta á markaðnum eða 37% samkvæmt Gallup auk þess sem þjónustukannanir sýna fram á hæsta NPS skor frá upphafi mælinga. Bankinn hefur verið í sókn á verðbréfamarkaði frá áramótum og var Islandsbanki með mestu hlutdeild allra á skuldabréfamarkaði og næst mestu á hlutabréfamarkaði. Þóknatekjur jukust á tímabilinu um 14% og vaxtatekjur um 9,4%.

Kostnaðarhlutfall móðurfélags er nú 55% sem er í takt við markmið bankans. Þetta er jákvætt og endurspeglar vinnu undanfarinna mánaða við að auka tekjur og draga úr kostnaði en samsvarandi hlutfall fyrir samstæðu er 62%. Útlánavöxtur hefur haldist stöðugur og mælist eignasafn bankans sterkt í alþjóðlegum samanburði.

Neikvæðar virðisbreytingar á útlánum í kjölfar versnandi efnahagsástands og áframhaldandi taprekstur hjá einu af dótturfélögum bankans draga hinsvegar niður afkomu samstæðu sem skilaði 4,7 milljarða króna hagnaði á fyrri árshelmingi 2019 en það er lækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

Lausafjárlutföll bankans hafa hækkað frá áramótum og eru vel yfir innri mörkum og kröfum eftirlitsaðila auk þess sem eiginfjárlutföll eru við langtímamarkmið bankans. Fjármögnun bankans hefur gengið vel og höfum við haldið áfram að gefa út víkjandi skuldabréf í sænskum krónum auk þess sem innlán hafa aukist frá áramótum.



Það styttist í Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka sem er stærsti fjáröflunarviðburður ársins en það verður haldið þann 24. ágúst. Við erum stolt af því að vera aðalstyrktaraðili hlaupsins og hvetjum við landsmenn til að hlaupa og styðja við góðan málstað.

Helstu atriði úr rekstri fyrri árshelmings (1H19)

- Í sumar hóf Íslandsbanki að bjóða viðskiptavinum sínum upp á Apple Pay kortþjónustu.
- Ný húsnæðislánþjónusta og sjálfvirkt greiðslumat á Íslandsbanka vefnum var nýlega kynnt viðskiptavinum.
- Íslandsbanki var með hæstu hlutdeild í veltu á skuldabréfamarkaði í júní en hlutdeild bankans var 19,7% í mánuðinum.
- Í júní gaf Íslandsbanki út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 500 m. sænskra króna.
- Íslandsbanki birti skýrslu um íslenska ferðaþjónustu í maí og hélt ráðstefnu þess efnis á Hilton Reykjavík Nordica.
- Ný þjóðhagsspá „Lægð í lofti“ var birt í byrjun júní og greinin „Er krónan í jafnvægi“ var birt á vef bankans í júlí.
- Íslandsbanki lækkaði vexti á húsnæðis- og bílalánnum í júlí í kjölfar stýrivaxtaákvörðunar Seðlabankans.
- Í júlí var tilkynnt að Riaan Dreyer hafi verið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Upplýsingatækisviðs Íslandsbanka.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings staðfesti lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 en breytti jafnframt horfum úr stöðugum í neikvæðar.

REKSTRARREIKNINGUR

ISKm	1H19	1H18	Δ	2F19	2F18	Δ	2018
Hreinar vaxtatekjur	16.778	15.342	1.436	8.626	7.602	1.024	31.937
Hreinar þóknanatekjur	6.623	5.810	813	3.406	3.032	374	12.227
Hreinar fjármunatekjur	621	95	526	173	378	(205)	(962)
Hreinn gengismunur	(101)	(67)	(34)	(71)	(57)	(14)	1
Aðrar rekstrartekjur	1.173	1.600	(427)	29	1.587	(1.558)	1.784
Rekstrartekjur samtals	25.094	22.780	2.314	12.163	12.542	(379)	44.987
Laun og launatengd gjöld	(8.363)	(7.952)	(411)	(4.312)	(4.026)	(286)	(15.500)
Annar rekstrarkostnaður	(6.000)	(5.770)	(230)	(2.961)	(2.846)	(115)	(12.150)
Stjórnunarkostnaður	(14.363)	(13.722)	(641)	(7.273)	(6.872)	(401)	(27.650)
Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta	(510)	(579)	69	(198)	(287)	89	(1.173)
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	(1.814)	(1.597)	(217)	(934)	(812)	(122)	(3.281)
Rekstrargjöld samtals	(16.687)	(15.898)	(789)	(8.405)	(7.971)	(434)	(32.104)
Hagnaður fyrir virðisbreytingu fjáreigna	8.407	6.882	1.525	3.758	4.571	(813)	12.883
Hrein virðisbreyting fjáreigna	(1.848)	1.934	(3.782)	(929)	1.846	(2.775)	1.584
Hagnaður fyrir skatta	6.559	8.816	(2.257)	2.829	6.417	(3.588)	14.467
Tekjuskattur	(1.779)	(2.480)	701	(626)	(1.465)	839	(4.734)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	4.780	6.336	(1.556)	2.203	4.952	(2.749)	9.733
Aflögð starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	(71)	794	(865)	(83)	81	(164)	912
Hagnaður tímabilsins	4.709	7.130	(2.421)	2.120	5.033	(2.913)	10.645

Hækkun á heildartekjum miðað við sama tímabil í fyrra

- Heildartekjur á fyrri árshelmingi hækkuðu um 10% á milli ára og námu 25 ma. kr.
- Hreinar vaxtatekjur voru 16,8 ma. kr. sem er hækkun um 9,4% á milli ára sem skýrist aðallega af aukningu í útlánnum. Vaxtamunur var 2,8% sem er sambærilegt við fyrra tímabil. Þess er vænst að vaxtamunur haldist rétt undir 3,0% til skamms og meðallangs tíma.
- Hreinar þóknanatekjur voru 6,6 ma. kr. í samanburði við 5,8 ma. kr. fyrir sama tímabili í fyrra sem er hækkun um 14% á milli ára. Skýrist þetta meðal annars vegna hærri þóknana hjá einu af dótturfélögum bankans.
- Tekjur af grunnstarfsemi (hreinar vaxta- og þóknanatekjur) mynda um 93% af heildarrekstrartekjum á fyrri árshelmingi. Bankinn leggur áfram ríka áherslu á að viðhalda sterkum grunntekjum og stöðugu tekjustreymi til lengri tíma.
- Hagnaður af hreinum fjármunatekjum var 621 m.kr. á fyrri helmingi ársins samanborið við hagnað upp á 95 m.kr. á 1H18.
- Aðrar rekstrartekjur námu 1,2 ma. kr. á 1H19 samanborið við 1,6 ma. kr. á 1H18 og eru aðallega tilkomnar vegna samkomulags bankans við gamla Byr um virði útlánasafns þess síðarnefnda við yfirtöku Íslandsbanka á Byr árið 2011.

Kostnaðarhlutfall fer lækkandi og móðurfélag við 55% markmið

- Stjórnunarkostnaður jókst um 641 m.kr. frá 1H18 sem samsvarar 4,7% hækkun á milli tímabila.
- Fjöldi starfsmanna í móðurfélagi fyrir utan árstíðabundna starfsmenn var 806 í lok 1H19 (1H18: 841) og 1.053 hjá samstæðu (1H18: 1.013) fyrir samsvarandi tímabil.
- Kostnaðarhlutfall samstæðu í lok júní var 62,0% samanborið við 67,3% á sama tíma 2018 en bankaskattur og einskiptiskostnaður eru undanskilin við útreikning kostnaðarhlutfalls. Kostnaðarhlutfall móðurfélags var 55,4% sem er við 55% langtímamarkmið bankans.
- Tap af aflagðri starfsemi eftir skatta var 71 m.kr. á 1H19 samanborið við 794 m.kr. hagnað á 1H18.

Neikvæð virðisbreyting útlána endurspeglar breyttar efnahagshorfur

- Hrein virðisbreyting útlána var neikvæð um 1.848 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 1.934 m.kr. jákvæða virðisbreytingu á 1H18. Þessi breyting er að mestu tilkomin vegna aukinnar virðisrýrnunar hjá tilteknum viðskiptavinum, versnandi efnahagshorfa og breyttum efnahagsforsendum í reiknilíkani auk óhagstæðrar niðurstöðu í dómsmáli.

Skattar og gjöld hafa áfram mikil áhrif á hagnað og arðgreiðslugetu

- Tekjuskattur fyrri árshelmings 2019 var 1,8 ma. kr. samanborið við 2,5 ma. kr. á 1H18. Virkur tekjuskattur var 27,1%, samanborið við 28,1% á 1H18. Bankaskatturinn var 1.814 m.kr. á 1H19 samanborið við 1.597 m.kr. á 1H18. Bankinn greiðir sérstakan 6% fjársýsluskatt á hagnað umfram 1 ma. kr. ásamt því að greiða framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, til Fjármálaeftirlitsins (FME) og til umboðsmanns skuldara. Framlag í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta á fyrstu sex mánuðum ársins nam 510 m.kr., lækkun um 69 m.kr. frá fyrra ári. Heildarskattar og gjöld voru 5,3 ma. kr. á 1H19 sem er sambærilegt við 1H18.

Eignasafn bankans sterkt í alþjóðlegum samanburði

- Í lok júní 2019 var hlutfall lána með laskað lánshæfi 2,0% hjá Íslandsbanka miðað við 3,1% vegið meðaltal hjá evrópskum bönkum (miðað við lok mars 2019). Ef miðað er við gæði lánasafns fyrir útlán til viðskiptavina, var vanskilahlutfall 2,0% í lok júní (hreint bókfært virði).

Hagnaður tímabilsins markast af neikvæðri virðisbreytingu útlána

- Hagnaður eftir skatta var 4,7 ma. kr. (1H18: 7,1 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár á fyrstu sex mánuðum ársins var 5,4% á ársgrundvelli (1H18: 8,2%). Hagnaður af reglulegri starfsemi var 5,7 ma. kr. (1H18: 6,8 ma. kr.) og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi miðað við 16% eiginfjárhlutfall þáttar 1 (CET1) 7,2% á fyrstu sex mánuðunum á ársgrundvelli samanborið við 9,4% á 1H18. Hagnaður af reglulegri starfsemi dróst saman um 1,1 ma. kr.

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir – áframhaldandi stöðugur vöxtur útlána til viðskiptavina og stærri efnahagsreikningur

- Heildareignir jukust um 8,8% og námu 1.230 ma. kr. í lok júní 2019. Útlán til viðskiptavina jukust um 5,7% eða 47,8 ma. kr. á fyrstu sex mánuðum ársins. Útlánaaukningin var þvert á viðskiptaæiningar bankans en mest til stærri fyrirtækja. Húsnæðislán jukust um 18,5 ma. kr. frá lokum árs 2018. Ný útlán voru 107,4 ma. kr. á tímabilinu samanborið við 98,5 ma. kr. á sama tíma í fyrra sem er 9% hækkun. Útlán til ferðapjónustu hafa lækkað lítillega frá lokum árs 2018 og eru nú 11% af vel dreifðu heildarlánasafninu.
- Útlán eru almennt með traust veð og eru fasteignir ennþá mikilvægasta tegund trygginga bankans auk skipa. Vegið meðaltal veðsetningarhlutfalls (LTV) húsnæðislanasafns bankans var 61% í lok júní 2019 og er óbreytt frá lokum árs 2018. Veðsetningarhlutfall bankans var 17,2% í lok júní 2019 samanborið við 18% í lok árs 2018.
- Þrír liðir, handbært fé og innstæður hjá Sí, skuldabréf og skuldagerningar og útlán til lánastofnana nema samtals u.þ.b. 277 ma. kr. og af því eru 235 ma. kr. laust fé.

EIGNIR, m.kr.	30.06.2019	31.12.2018	Δ
Handbært fé og innstæður hjá Sí	122.794	135.056	(12.262)
Skuldabréf og skuldagerningar	77.033	69.415	7.618
Hlutabréf og eiginfjárgæmingar	19.176	13.074	6.102
Afleiðusamningar	5.843	4.550	1.293
Útlán til lánastofnana	77.387	41.577	35.810
Útlán til viðskiptavina	894.446	846.599	47.847
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	687	682	5
Rekstrarfjármunir	9.504	5.271	4.233
Óefnislegar eignir	4.882	5.002	(120)
Aðrar eignir	18.224	9.177	9.047
Eignir	1.229.976	1.130.403	99.573

Skuldir – farsæl fjármögnun með innlánnum og á markaði

- Heildarskuldir námu 1.054 ma. kr. sem er 10,5% hækkun frá áramótum. Bankinn viðhélt sterkri lausafjárstöðu í bæði íslenskum krónum og erlendum gjaldmiðlum og voru lausafjárhlutföll vel umfram kröfur eftirlitsaðila og innri viðmið.
- Í lok júní var lausafjárhlutfall (LCR) 185% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum, 94% í íslenskum krónum fyrir samstæðuna og 169% fyrir móðurfélagið í öllum gjaldmiðlum.

Hlutfall stöðugrar fjármögnunar (NSFR) var 117% fyrir samstæðuna í öllum gjaldmiðlum og 179% fyrir samstæðuna í erlendum gjaldmiðlum.

- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 6,4% á fyrstu sex mánuðum ársins í 616 ma. kr. Innlán eru stærsti fjármögnunarliður bankans og er vel fylgst með samþjöppunaráhættu. Þessi hækkun er aðallega vegna innflæðis frá lífeyrissjóðum og stofnanafjárfestum. Hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánum til viðskiptavina hækkaði í 68,9% í lok júní, samanborið við 68,4% í lok árs 2018.


SKULDIR OG EIGIÐ FÉ, m.kr.	30.06.2019	31.12.2018	Δ
Innlán Sí og lánastofnana	19.830	15.619	4.211
Innlán viðskiptavina	615.869	578.959	36.910
Afleiðusamningar og skortstöður	6.903	5.521	1.382
Lántaka	337.473	300.976	36.497
Víkjandi lán	23.431	16.216	7.215
Skattskuldir	8.674	7.150	1.524
Aðrar skuldir	42.012	29.649	12.363
Skuldir	1.054.192	954.090	100.102
Eigið fé	175.784	176.313	(529)
Skuldir og eigið fé	1.229.976	1.130.403	99.573

- Í júní gaf bankinn út víkjandi skuldabréf að fjárhæð 500 m. sænskra króna til 10 ára með innköllunarheimild af hálfu útgefanda eftir 5 ár (10NC5). Þetta var þriðja víkjandi skuldabréfaútgáfa Islandsbanka. Með þessari útgáfu náði bankinn markmiði sínu um útgáfu á Tier 2 skuldabréfum og var þetta mikilvægur áfangi í uppbyggingu á langtíma eigin fjár samsetningu bankans.
- Bankinn gaf einnig út 300 m. evra skuldabréf í byrjun apríl 2019 með 130 punkta álagi yfir þriggja mánaða millibankavöxtum í evrum. Samhliða útgáfunni keypti bankinn til baka 300 m. evra af 500 m. evra skuldabréfi sem er á gjalddaga árið 2020.
- Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2019 gaf bankinn út fimm skuldabréf fyrir 11,5 m. evra, 650 m. sænskra króna og 1,4 ma. norskra króna frá 18 mánuðum til 5 ára.

Eigið fé

- Heildar eigið fé bankans nam 175,8 ma. kr. í lok júní 2019 samanborið við 176,3 ma. kr. í lok árs 2018, þar af er hlutdeild minnihluta 2,4 ma. kr. Á aðalfundi bankans í mars 2019 var samþykkt að greiða 5,3 ma. kr. af hagnaði ársins 2018 í arð til hluthafa. Nafnvirði hlutabréfa bankans var 10 ma. kr. í lok júní 2019 og hlutafé var 65 ma. kr.
- Eiginfjárhlutfall bankans var 21,4% í lok júní 2019 samanborið við 22,2% í lok árs 2018 sem er í takt við langtímamarkmið bankans. Eiginfjárhlutfall þáttar 1 (Tier 1) var 18,8% í lok júní samanborið við 20,3% í árslok 2018. Í lok árs 2018 lækkaði Fjármálaeftirlitið heildarkröfu um eiginfjárgrunn úr 19,8% í 18,8% fyrir Islandsbanka sem er til marks um að heldur hafi dregið úr áhættu bankans.

- Í ljósi breytinga á eiginfjárkröfu og efnahagsumhverfi ákvað bankinn að aðlaga stjórnunaraukann úr 0,5-1,5% í 0,5-2,0%. Fyrir á árinu hækkaði Fjármálaeftirlitið sveiflufjöfnunarauka um 0,5% í 1,75% og tók sú hækking gildi í maí 2019.



- Íslandsbanki notar staðalaðferð til að meta áhættuvegnar eignir sem námu 911,8 ma. kr. í lok júní 2019, eða 74,1% af heildar eignum. Vogunarhlutfall í lok júní var 13,4% samanborið við 14,6% í lok árs 2018 og telst hóflegt.

Lánshæfismat

- Íslandsbanki er með lánshæfismat frá alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækinu S&P Global Ratings og í júlí 2019 staðfesti S&P lánshæfismat Íslandsbanka í BBB+/A-2 en breytti horfum úr stöðugum í neikvæðar.
- Í rökstuðningi sínum vísar S&P til þess að Íslandsbanki sé með stöðuga markaðshlutdeild á innlendum markaði og hafi náð góðum árangri á sviði stafrænnar þróunar og upplýsingatækni þar sem hann standi framur en margir erlendir bankar. Bankinn sé jafnframt með sterka lausa- og eiginfjárstöðu auk þess sem lánaafn hans sé traust.
- Ástæður S&P fyrir breytingu á horfum má meðal annars rekja til krefjandi rekstrarumhverfis fyrir íslenskar bankastofnanir sem einkennist af kólnandi hagkerfi, lækkandi vaxtaumhverfi, hárrar skattlagningar og ójafnrar samkeppnisstöðu við íslenska lífeyrissjóði en allt þetta hafi leitt til lækkandi arðsemi hjá íslenskum bönkum.

FJÁRFESTATENGL

Símafundur með fjárfestum á ensku kl. 9.00 fimmtudaginn 1. ágúst

Símafundur með markaðsaðilum vegna uppgjör verður haldinn fimmtudaginn 1. ágúst kl. 9.00. Farið verður yfir helstu atriði í íslenskum efnahagsmálum og afkomu bankans. Fundurinn verður á ensku.

Vinsamlegast skráið ykkur á símafundinn með að senda póst á: ir@islandsbanki.is
Fundargögn og aðgangsorð vegna símafundar verða send út til skráðra aðila fyrir fundinn.

Afkomufundur á íslensku kl. 10.30 fimmtudaginn 1. ágúst

Markaðsaðilum er boðið á fjárfestafund á íslensku fimmtudaginn 1. ágúst kl. 10.30 sem verður haldinn á 9. hæð höfuðstöðva bankans að Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Skráning á fundinn er skilyrði. Vinsamlegast skráið ykkur á afkomufundinn með að senda póst á: ir@islandsbanki.is

Frekari upplýsingar

Öll gögn tengd uppgjöri ásamt upplýsingum um fjárhagsdagatal og þögn tímabil má finna hér:

<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/bankinn/fjarfestatengsl>

Fjárhagsdagatal

Stefnt er að birtingu uppgjöra á neðangreindum dagsetningum:

- Árshlutauppgjör 3F19 - 30. október 2019
- Ársuppgjör 2019 - 12. febrúar 2020
- Aðalfundur - 19. mars 2020
- Árshlutauppgjör 1F20 - 6. maí 2020
- Árshlutauppgjör 2F20 - 29. júlí 2020
- Árshlutauppgjör 3F20 - 28. október 2020

Athugið að dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar